

Alþingi
Erindi nr. P 136/566
komudagur 16.12.2008

From: Þórður Bragason - Varahlutir.is [mailto:varahlutir@varahlutir.is]
Sent: 15. desember 2008 23:13
To: Ragnheiður Bogadóttir
Cc: Sigurður Kári Kristjánsson
Subject: RÚV, mótorsport í sjónvarpi sem og aðrar "jaðar" íþróttagreinar

Góðan dag,

Þórður Bragason heiti ég og sit í aksturíþróttanefnd ÍSÍ sem fer með málefni mótorsports á Íslandi, þ.e sem keppnisgreinar. Mitt hlutverk í nefndinni eru sjónvarpsmál öðru fremur.

Í því frumvarpi sem liggur fyrir um RÚV er kostun sjónvarpsfni útilokuð að mér skilst, þetta er okkur afar þungbært þar sem við framleiðum dýrt sjónvarpsfni í góðu samstarfi við RÚV og af fenginni reynslu langar okkur ekki að fara á aðrar stöðvar með það. Tilfellið er að RÚV starfar öðruvísi en aðrar stöðvar og það kemur sér sérstaklega vel fyrir grasrótina og sérstaklega íþróttagreinar sem þurfa sérmeðferð, t.d sérþætti. Ég vona að tilgangur laganna sé ekki að koma okkur (og fleirum) út úr dagskrá RÚV, eru þetta e.t.v fylgikvillar?

Ég hefði helst viljað hitta nefndina en til vara eru eftirfarandi spurningar.

1. Munu nýju lög um Ríkisútvarpið útiloka kostað sjónvarpsfni?
2. Er möguleiki á að íþróttagreinar myndu fá undanþágu frá þessari meintu útilokun?
3. Hver er tilgangur laganna í skilningi þess að styðja við eða útiloka þessa framleiðslu eða er þetta e.t.v bara óþægileur fylgikvilli annars góð ásetnings?

Kveðja,

Þórður Bragason

Aksturíþróttanefnd LÍA/ÍSÍ

GSM: 896 1442

doddi@varahlutir.is